

## LESTUR BÓKA – VINNUFERLI

Listi yfir bækur sem hafa verkefni með sem:

- \* **fela í sér fjölbreytilega tungumálakennslu: lestur, ritun, tal og hlustun; söngur; leikir; fändur; vettvangsferðir; samtöl ; en líka markvissa málfræðiinnlög.**
- o **hafa spurningar úr efni bókanna. (sjá kaflann um færniþættina fjóra: lestur)**
- **Hafa tilbúin verkefni með sem hafa verið búin til fyrir íslensk börn. Það er í senn neikvætt og jákvætt í kennslunni:  
neikvætt: samið fyrir börn sem hafa íslensku sem móðurmál  
jákvætt: kemur í veg fyrir að börn af erlendum uppruna séu ofvernduð, það er eins gott að byrja strax að vera með texta og verkefni íslenskra jafnaldra**

**Sjálfstýrandi kerfi sem tekur mið af eftirfarandi:**

**Börnin hafa mismunandi bakgrunn**

**Börnin eru að koma inn allan veturinn**

**Börnin eru á mismunandi aldri**

**Hver einstaklingur fer á sínum hraða, á auðvelt með að setja sér markmið (hvenær ætla ég að vera búinn með svona margar bækur o.s.frv.) Kennarinn fær á meðan svigrúm til að sinna hverjum og einum einstaklingslega því allir geta unnið áfram, ein bók tekur við af annarri, allir eru störfum hlaðnir.**

**Kennarinn þarf ekki að hafa áhyggjur af fábreytileika í kennslustofunni, eða að þurfa að finna upp á skemmtilegheitum sjálfur ofan á allar hinar skyldurnar, ferlið sér um þann þátt að mestu leyti.**

**Aþreifanlegt og auðsjáanlegt kennslu- og námsferli:**

**“Þegar þú ert búinn með allar þessar bækur ertu orðinn ansi góður í íslensku!”**